

Fræðslunefnd

FUNDUR - 6. desember 2011

Fundur haldinn í Fræðslunefnd Blönduósbæjar vegna leikskólans Barnabæjar, þriðjudaginn 6. desember 2011 kl. 17:00. Mæting er samkvæmt undirskriftum. Auðunn Steinn Sigurðsson setur fundinn.

Dagskrá:

1. Skólaár 2011-2012
2. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Jóhanna G. Jónasdóttir, leikskólastjóri, lagði fram skóladagatal 2011-2012. Miklar breytingar hafa verið gerðar á innrastarfi leikskólans sem hefur reynst mjög vel. Heildarfjöldi barna er 71 miðað við 1. desember 2011. Ákveðið hefur verið að jólaballið verði foreldralaust í ár. Foreldrum barna sem sjá um helgileik verður boðið að koma og sjá hann, jafnframt er fyrirhugað að fara með helgileikinn upp á HSB til sýningar.

Fyrirhuguð er námsferð í sumar. Jóhanna og Anna fóru til Akureyrar þar sem þær kynntu sér nýja Aðalnámsskrá leikskóla. Miklar breytingar eru á henni. Jóhanna fór yfir fjárhagsáætlun.

2. Önnur mál.
Ekki voru önnur mál.

Fundargerðin upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:12.

Þórdís Hjálmarsdóttir (sign.)

Heiðrún Edda Bjarkadóttir (sign.)

Auðunn Sigurðsson (sign.)

Árný Þóra Árnadóttir (sign.)

Eva Hrund Pétursdóttir (sign.)

Jóhanna G. Jónasdóttir, leikskólastjóri

Sigríður Helga Sigurðardóttir, fulltrúi starfsmanna leikskólans

Guðný Ragnarsdóttir, fulltrúi foreldra leikskólabarna